



## Fundargerð

22. fundur Lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,  
16. september 2021, kl. 14:00

Viðstaddir: Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Kristín Gyða Njálisdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs og Íris Andrea Guðmundsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Aðgerðir vegna lýðheilsuvísa (2021040032)

Lýðheilsuráð heldur áfram vinnu sinni að aðgerðaráætlun er snýr að nýútkomnum lýðheilsuvísum Embættis landlæknis.

### 2. Fundargerð Samtakahópsins (2021010500)

Fundargerð lögð fram.

### 3. Tölulegar upplýsingar 2021 (2021090295)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram tölulegar upplýsingar.

### 4. Heilsutengdir viðburðir (2021080347)

Heilsu- og forvarnarvika Suðurnesja fer fram 4.- 10. október 2021. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir er hvött til virkrar þátttöku í heilsu- og forvarnarvikunni. Dagskráin verður auglýst á vefsíðum sveitarfélaganna á Suðurnesjum og samfélagsmiðlum.

Ráðið felur Heru að hafa samband við HSS varðandi samstarf um eflingu þátttöku kvenna í skimun fyrir krabbameini.

### 5. Heilsueflandi samfélag - kort og göngustígar (2019050505)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála mættu á fundinn og fóru yfir stöðu heilsustíga.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.00